



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn um tillögu fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins um viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar 24. maí 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sem var á fundi velferðarráðs 14. september vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs:

Borgarstjórn samþykkir að hefja undirbúning að því að tryggja fasta viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum borgarinnar í 100% starfi. Samkvæmt kostnaðarmati sem var lagt fyrir fund velferðarráðs 2. mars 2022, þyrfti 44 stg. til að sinna öllum grunnskólunum ef einn sálfræðingur væri í 100% starfi í hverjum grunnskóla borgarinnar. Ef einn sálfræðingur væri í hverjum grunnskóla alla daga vikunnar þá vantar 409 m.kr. uppá fjárheimildir. Nánar má lesa um kostnaðarmatið hér. Einnig er þörf á því að tryggja góða aðstöðu innan skólanna fyrir sálfræðingana. Velferðarsviði verði falið að hefja þann undirbúning svo að fóst viðvera sálfræðinga geti hafist sem fyrst. Leitað verði til annarra sviða og aðila innan borgarinnar vegna undirbúnings og útfærslu ef þörf þykir. Í framhaldi verði málinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2023.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Skóla- og frístundasvið tekur undir umsögn velferðarsviðs um mikilvægi á aukningu stöðugilda sálfræðinga, en vill jafnframt leggja áherslu á snemmtæka íhlutun skólanna inni í skólunum með því að veita ráðgjöf til starfsfólks og foreldra eins og aðrir ráðgjafar sem starfa í grunnskólaþjónustu skóla- og frístundasviðs.